


Krassandi lægðir framundan – viðhengi með blogg pistli 8. febrúar 2011



Kortið sýnir hæð 500 hPa flatarins eins og honum var spáð af HIRLAM-líkaninu 7.2. 2011 kl.18. Gildistími kortsins er kl. 03 aðfaranótt 8. febrúar. Heildregnu, svörtu línurnar eru jafnhæðarlínur (dekametrar) dregnar með 6 dekametra millibili. Rauðu strikálínurnar eru jafnþykktarlínur (500/1000 hPa).


Kortið sýnir mikinn kuldapoll við suðurenda Baffinslands og kröftuga lægðarbylgju suðaustur af suðurodda Grænlands. Þykktin í miðju kuldapollsins er innan við 4800 metrar (480 dekametrar). Í bylgjunni má sjá mikið misgengi hæðar- og þykktarflata.

Rauðu örvarnar sýna að þar liggja þykktarlínur nærri þvert á hæðarlínurnar þannig að vel sést hvernig vindur í 500 hPa ber hlýtt loft til norðurs í átt til Íslands. Mikill bylgjutoppur hlýlofts fer á undan lægðinni í háloftunum.

Nærri bláu örvunum eru þykktar- og hæðarlínur nærri hornréttar hvor á aðra. Þar ber vindurinn kalt loft til austurs. Mikill fleygur af köldu lofti streymir inn í átt að lægðarmiðjunni. Líta má á lægðina sem er við jörð sem orðna til úr samspili 500 hPa flatarins og þykktarmynstursins.


Þetta mynstur er mjög dæmigert í vaxandi lægðum. Þessi ákveðna lægð hefur þó náð þeim þroska að hún nær að vera lokuð í 500 hPa og þar undir.

Hæð (svart) og Þykkt (rautt) í 500hPa IT: 2011-02-07 18:00 VT: 2011-02-08 21:00 +27H



Næsta mynd sýnir ástandið eins og líkanið reiknar að það muni verða 18 tímum síðar en fyrri myndin gildir. Kuldapollurinn er enn við Baffinsland en lægðabylgjan er komin upp undir Hvarf á Grænlandi. Bylgjutoppur hlýja loftsins er nærri ströndum Íslands. Sjá má nýja, öfluga lægðabylgju suður af Nýfundnalandi þar sem mikið misgengi er þegar orðið milli hæðar- og þykktarflata.

Samfara lægðarbylgjunni við Grænland eru þrír staðir þar sem vindur við jörð er sérlega hvass. Þessir þrír staðir eru sérmerktir með rauðum strikum á þriðju myndinni (næsta síða):



Við rauða strikið næst Íslandi eru jafnhæðarlínurnar mjög þéttar, vindur er þar því mjög mikill, en yfir því liggja engar jafnþykktarlínur. Vindstrengurinn í háloftunum tegir sig þar til jarðar í suðaustanroki eða jafnvel ofsaveðri.

Við syðra, rauða strikið sunnan Grænlands eru heldur ekki neinar þykktarlínur þótt stutt bil sé á milli jafnhæðarlína. Þar er vestanofsi.

Við rauða strikið suðaustur af Hvarfi eru hins vegar engar jafnhæðarlínur, en þykktarlínurnar eru sérlega þéttar. Þar er líka ofsastormur eða fárviðri af vestri við jörð, en sá vindstrengur er lágskreiður og nær ekki upp í 500 hPa.

Hér voru tilfærð dæmi um að þéttar hæðarlínur gefa hvassviðri til kynna fylgi þeim þykktarflatneskja. Sömuleiðis var dæmi þar sem þéttar þykktarlínur gefa hvassviðri til kynna fylgi þeim flatneskja í hæðarfleti.

Flóknara er að ráða í vind við jörð liggi þykktar- og hæðarlínur undir horni hvor á aðra.